

# Karen Agnete Þórarinnsson Draumlandið mitt í norðri

Sýningarstjóri Hrafnhildur Schram.



Hestar á beit/Horses grazing.

Kjarvalastaðir 14. janúar – 4. mars 2012



Stúlka frá Gautlóndu/A girl from Gotaland.

## My Dreamland in the North

Curated by Hrafnhildur Schram.



# Draumlandið mitt í norðri<sup>1</sup>

Karen Agnete Enevoldsen, sýðar Þórarinnsson, var ein þeirra dönsku kvenna sem fluttu með íslenskum eiginmanni til Íslands. Hún fæddist í Kaupmannahöfn 29. desember árið 1903 og var elst þriggja systra. Hún var heilulauast barn sem hneigðist til einveru og fór áætlega að teikna og mála. Foreldrar hennar, sem bjuggu við góð efni, hlúðu að sköpunarþörf hennar og ellefu ára hóf hún nám í postulínsmálanum, samhliða almennri skólagöngu og stefndi að því að leggja fyrir sig myndlist. Eftir fimm ára undirbúningsnám fyrir Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn, settist hún þar í málaraeildina, árið 1925, tuttugu og tveggja ára gömul. Aðalkennari hennar var prófessor Einar Nielsen (1872–1956) en sem ungur maður hafði hann orðið fyrir áhrifum frá sýmbólíamanum og var þekktur fyrir sterka og áhrifamikla túlkun á manneskjúnni, ekki síst konum. Hann lagði áherslu á teikninguna og beitti dökku litrófi sem var einkenni norræns sýmbólísma um aldamótin 1900. Karen Agnete hélt því ævinlega fram að hún hefði alla tíð búið að þeim áhrifum sem hún varð fyrir í listaháskólanum og líklega ekki kært sig um að losa sig við þau.<sup>2</sup>

Einn skólabræðri hennar í málaraeildinni var myndarlegur bóndasonur frá Íslandi, Þingeyingurinn Sveinn Þórarinnsson (1899–1977). Honum varð iðulega á að stiga ofan á lágvöxnu konuna sem málaði fyrir aftan hann en eftir ítrekaðar afsakanir brá hann að lokum á það ráð að biðja hennar.<sup>3</sup> Margr listakonur af kynslóð Karenar Agnete völdu að giftast ekki þar sem þær litu svo á að listin væri það sem mestu máli áskipti í lífinu og útilokað væri að sameina hana hjónabandi og barneign. Danska skáldkonan Tove Ditlevsen, sem storkaði löndum sínum með óvenju berorðum sköpunum um stöðu konunnar, sagði að ekki væri ætlast til að konur gætu af sér annað en börn.

Karen Agnete tók bönorði Sveins og að námi loknu árið 1929, héldu ungu hjónin í upphafi sumars til Íslands og settu fyrst að í foreldrahúsum Sveins, Kílakoti í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu, en þar var enn búið í torfbæ við skín olíulampans og brauð bakað á hlöðum. Karen Agnete lýsti því oftáinnis yfir hveru lánshóm hún hefði verið að fá að kynnað gamla

íslenska bændaásmfélaginu og hún leit á sveitina sem ævintýraheim, eða eins konar draumland, sem hún nýtti sér til myndrænnar sköpunar.<sup>4</sup> Þrátt fyrir háborgaralegan uppruna virtist hún ekki hafa saknað þæginda borgarlífsins, þar sem þetta væri allt svo ólíkt að enginn samanburður kæmi til greina.<sup>5</sup>

Í þessu afskekktu héraði norður við Dumbshaf fann listakonan myndheim sem hún ræktaði allan sinn feril. Það var þó ekki íslenskt landslag sem höfðaði til hennar heldur fremur mannlíf og dýrin í sveitinni. Eftir hana liggur umfangsmikill myndaflokkur raunsærra mannamynda í dökku litaskala, þar sem hún beitir sálfræðilegri nálgun og mannlífi hlýju. Oft fara þar eldri konur á peysufötum við félagslega athöfn, eins og kaffidrykkju eða spílamennsku, þar sem margt er skrafað, oft brugðið á leik við sýðpilsabyt og hellt upp á kaffi í fagurbláum, gljúbrændum könnum. Ekki er þar um að ræða nafngreinda einstaklinga, heldur „tilbúið fólk“ eins og listakonan orðaði það sjálf.<sup>6</sup> Viðhorf Karenar Agnete til myndefnis síns leiðir vissulega hugann að dönskum uppruna hennar með einhverju sem íslenskir málarafrá samtímanum sattu litid, jafnvel í verkum þar sem daglegt líf er myndefnið, en það er ákveðin léttleiki í tilverunni og lágstemmaður húmor sem henni tekst að kalla fram. Það erþá helst að finna megi ákveðinn anertiflöt milli Mugga og Karenar Agnete í verkum þeirra öfrum daglegu lífi en hjá íslenskum málurum var andrúmsloftið frekar tengt félagslegu raunsæi, eins og t.d. hjá Gunnlaugi Scheving

Annar myndaflokkur sem varð með tímanum umfangsmikill í list Karenar Agnete eru myndir af blómum og kyrralífi. Þar hún notaði hún sterkari og bjartari liti en í mannamyndunum og beitir þar expressjónískum vinnubrögðum.

Eftir tveggja ára dvöl í Kílakoti réðust Karen Agnete og Sveinn í að reisa sér steinategpt húsi á einum fegursta og sérstæðasta stað á Íslandi, í sjálfu Ásbyrgi, og nefndu hús sitt því „Byrgi“. En þangað fluttu þau árið 1931 með soninn Karl Kristján. Sveinn fékk starf sem skógarvörður sem varð til þess að þau gátu bæði stundað list sína að einhverju marki. Ekki þótti þó vænlegt að bæði hjónin byggðu afkomu sína á myndlistinni, síst af öllu Karen Agnete, enda hafði aðeins ein kona á Íslandi myndlist að atvinnu um 1930, en það var Kristín Jónsdóttir. Í Ásbyrgi bjuggu hjónin í nánum tengslum við náttúruna. Á sumrin fóru þau oft út undir miðnætti og máluðu fram á morgun en á veturna gátu líðið vikur án þess að þau sæju til sinna næstu náganna. Karen Agnete og Sveinn deildu vinnustofu alla tíð og frá árinu 1929 og



Frá Grindavík/From Grindavík, 1960.



Blóm og ávextir/Flowers and Fruits.

frá á sjöunda áratuginn héldu þau samsýningar, bæði á Húsavík og á Seyðisfirði og síðan annað hvert ár, til áskiptis í Reykjavík og á Akureyri og skiptu sýningar þeirra tugum. Sveinn var afar afkastamikill málari og seldi ætíð vel, jafnvel á kreppuárunum.

Í upphafi var Karen Agnete yfirleitt ekki nafngreind en skírskotað til hennar sem „frúarinnar“ eða „konu listamanna“. Hún málaði „lítið og hægt“, eins og hún sagði sjálf, og það kom fyrir að hún vann að sömu myndinni í lengri tíma með hléum.<sup>7</sup> Á fleiri samsýningum þeirra hjóna fylltu verk hennar varla hálfan tug. Það var ekki fyrr en listakonan var á áttugasta og fyrsta aldrárin að fyrsta einkasýning hennar á Íslandi var haldin í Gallerí Borg í Reykjavík árið 1984. Þar sýndi hún þrettán oliumálverk sem unnin voru á árunum 1980–1984. Engu að síður átti hún að þess æx áratuga listferil þegar hún lést og því er lífsverkið umtalvert.

Frá upphafi hlaut Karen Agnete afar vinsamlegar móttökur og var í umsögnum talin góður og athyglisverður málari. Listamannahjónin völdu sér ænemma sitt sérviðið hvort: Sveinn var fyrst og fremst landslagsmálari en þegar Karen Agnete málaði landslag var það bakgrunnur myndefnis með fólki og dýrum. Það kom fyrir að hún væri ekki talin „íslenskur málari“ og sýnir það hversu mikið vægi landslagamálverkið hafði í vitund landsmanna.

Mikið hefur verið skrifað um parsambönd listamanna og þá félagslegu annmarka sem þeim hafa oft fylgt og báðir aðilar liðið fyrir. Karen Agnete og Sveinn virðast hafa fundið heilavænlega leið til að þröskast sem skapandi listamenn innan ramma kærlekríka parsambands, án þess að flækjast í hefðbundnar skoðanir um karllæg og kvenlæg hlutverk. En bæði héldu því fram að ekki væri hægt að hafa neina samvinnu í listinni, slíkt væri bæði leiðinlegt og hættulegt.<sup>8</sup>

- 1 Titill sýningarinnar er sóttur í ljóð Einars Benediktssonar „Bláskógavegur“. Einar Benediktsson. Kvæðasafn. Reykjavík, 1964, bls. 440.
- 2 Gisli Sigurðsson. „Allt var svo skemmtilegt í Kilakoti“. Lesbók Morgunblaðsins. 22. desember 1984, bls. 23.
- 3 RÚV – Í vikulokin. Jónas Jónasson talar við Svein Þórarinnsson listmálara. DR 823 1. febrúar 1964.
- 4 Steinar og sterkir litir. Svipmyndir 16 myndlistarmanna. „Listamaðurinn er nummi í klaustri listarinnar“. Steinunn S. Briem talar við Karen Agnete og Svein Þórarinnsson. Reykjavík, 1969, bls. 155–156.
- 5 RÚV – Síðdegisútlit. „Karen Agnete Þórarinnsson“. Sigrún Björnsdóttir talar við listakonuna. Uptaka DR 8364, 6. september 1984.
- 6 Gisli Sigurðsson. „Allt var svo skemmtilegt í Kilakoti“. Lesbók Morgunblaðsins. 22. desember 1984, bls. 21–23.
- 7 RÚV – Síðdegisútlit. „Karen Agnete Þórarinnsson“. Sigrún Björnsdóttir talar við listakonuna. Uptaka DR 8364, 6. september 1984.
- 8 RÚV – Í vikulokin. Jónas Jónasson talar við Svein Þórarinnsson listmálara. DR 823 1. febrúar 1964. RÚV – Síðdegisútlit. „Karen Agnete Þórarinnsson“. Sigrún Björnsdóttir talar við listakonuna. Uptaka DR 8364, 6. september 1984.

# My Dream-land in the North<sup>1</sup>

Karen Agnete Enevoldsen, later Þórarínsson, was a Dane who married an Icelander and settled with him in Iceland. Born in Copenhagen on 29 December 1903, she was the eldest of three sisters. A sickly, solitary child, she started to draw and paint at a young age. Her prosperous parents nurtured her creativity, and at the age of 11 she started training in porcelain painting, alongside her conventional schooling, with the aim of becoming an artist. In 1925, after five years of preparatory study she entered the painting department of the Royal Danish Academy of Fine Arts in Copenhagen, at the age of 22. Her principal tutor was Professor Ejnar Nielsen (1872–1956): as a young man he had been influenced by symbolism, and he was renowned for his strong and powerful depiction of the human figure, especially women. He stressed the importance of drawing, and used a dark palette, which was characteristic of Nordic symbolism around the turn of the century. Karen Agnete always maintained that the influences of her time at the Academy remained with her throughout her life, and that she had probably never cared to throw them off.<sup>2</sup>

One of her classmates at the Academy was a handsome young man from Iceland, Sveinn Þórarínsson (1899–1977), a farmer's son from the north. He often found himself treading on the toes of the petite woman who painted behind him in class; and his repeated apologies led in due course to a proposal of marriage.<sup>3</sup> Many women artists of Karen Agnete's generation opted never to marry, feeling that art was of such central importance in their lives that it could not be reconciled with marriage and motherhood. Danish writer Tove Ditlevsen, who scandalised her fellow-countrymen by her outspoken critical views on the status of women, said that women were not supposed to produce anything, except children.

Karen Agnete accepted Sveinn's proposal, and after graduating in the autumn of 1929 the young couple sailed for Iceland the following spring, making their home initially with the

bridegroom's parents at Kílakot in the county of North Píngeyjarsýsla. Their home was a turf farmhouse of the traditional type (then fast disappearing from the Icelandic countryside), dimly lit by paraffin lamps. In the old-style open-hearth kitchen, bread was still baked on a stone slab. Karen Agnete often said how fortunate she felt she had been, to experience life in the old Icelandic rural society before it disappeared; she saw the countryside as an Arcadia or dreamland, which inspired her artistic creativity.<sup>4</sup> In spite of her own urban, bourgeois roots, she appears never to have missed the comforts of city life; she found herself in such a different environment, that no comparison was even possible.<sup>5</sup>

In this remote rural place in the far north, the young artist found a visual world which she cherished throughout her career. It was not, however, the Icelandic landscape which appealed to her; she was more interested in the people, and animals, in the country. She left an extensive series of realistic images of people, using a dark palette and combining a psychological approach with human warmth. The subjects are often ladies of a certain age wearing Icelandic national dress, engaged in some social activity such as a coffee party or playing cards: they chat, and the artist depicts them swirling their long skirts and serving coffee from shiny bright-blue enamelled pots. She does not paint identified individuals, but "invented people," as the artist put it.<sup>6</sup> Karen Agnete's views on her subjects undeniably leads one to consider her Danish origins, as her work manifests attributes which were rarely seen in the work of Icelandic artists of the time: even in her depictions of daily life, she conveys a certain light-heartedness and subtle humour. Muggur (Guðmundur Pétursson Thorsteinsson, 1891–1924) is the only Icelandic artist who shares any common ground with Karen Agnete in depiction of everyday life; Icelandic painters tended more towards Social Realism, Gunnlaugur Scheving (1904–1972) for instance.

Another category of pictures which became important in Karen Agnete's art consists of images of flowers and still life. In these works she used a brighter, more colourful palette than in her paintings of people, and applied expressionistic methods.

After living for two years at Kílakot, Karen Agnete and Sveinn built themselves a house in one of the most beautiful and extraordinary places in Iceland, Ásbyrgi (literally Fortress of the Gods), a gigantic hollow in the landscape surrounded by vertical cliffs. In 1931 they moved

into their new home, which they named Byrgi, with their infant son Karl Kristján. Sveinn had found employment as a forester, and this enabled both him and Karen Agnete to pursue their art, at least part-time. At that time it seemed optimistic for the couple to attempt to live by their art – and especially Karen Agnete: in 1930 only one woman in Iceland was a professional artist, Kristín Jónsdóttir (1888–1959).

In Ásbyrgi the couple lived in close proximity with nature. In the summer months, they often went out to paint all night in the midnight sun; in winter they might not meet their nearest neighbours for weeks at a time. Karen Agnete and Sveinn always shared a studio. From 1929 until the 1960s they showed their work together, at Húsavík in the north and Seyðisfjörður in the east. They later exhibited in alternate years in Akureyri in the north and in Reykjavík. They held dozens of exhibitions during their careers. Sveinn was a prolific artist, whose work always sold well, even during the Depression of the 1930s.

In the early years Karen Agnete was not generally mentioned by name, but referred to simply as “the artist’s wife.” She painted “little, and slowly,” as she said. In some cases she would return to the same painting over a long period.<sup>7</sup> At many of the couple’s joint shows, she contributed only four or five paintings. Not until she was eighty years old did Karen Agnete hold her first one-woman show in Iceland, at Gallery Borg in Reykjavík in 1984. She showed thirteen oil paintings, made in 1980–1984. Nonetheless, by the time of her death her career as an artist spanned six decades, and hence she left a considerable oeuvre.

From the start, Karen Agnete’s art was well received; critics deemed her a good and interesting painter. Early in their careers, Sveinn and Karen Agnete chose their different paths in art: Sveinn was primarily a landscape artist, whereas Karen Agnete painted landscapes only as a background to themes of people and animals. At times she was not counted as an “Icelandic” artist, and this reflects the strong hold that landscape painting had on the mind of Icelanders.

Much has been written about artist couples, and social difficulties which tend to arise, affecting both man and wife. Karen Agnete and Sveinn Pórarinnsson appear to have found a way to develop, each in their own way, as creative artists within a caring relationship, and without falling into the traditional pitfalls of “masculine” and “feminine” roles. They both maintained that

collaboration in art was an impossibility: both tedious and risky.<sup>8</sup>

- 1 The title of the exhibition is drawn from a poem by Einar Benediktsson (1864–1940): *Bláskógavegur*. Einar Benediktsson. *Kvæðasafn*. Reykjavík, 1964, p. 440.
- 2 Gisli Sigurðsson. “Allt var svo skemmtilegt í Kilakoti” (Everything was such fun at Kilakot). *Lesbók Morgunblaðsins*. 22 December 1984, p. 23.
- 3 RÚV – Í vikulokin. Interview with artist Sveinn Pórarinnsson by Jónas Jónasson. DR 823, 1 February 1964.
- 4 Steinar og sterkir litir. *Svipmyndir 16 myndlistarmanna*. “Listamaðurinn er nunna í klaustri listarinnar” (Rocks and Strong Colours. Profiles of 16 artists. “An artist is a nun in the convent of art”). Interview with Karen Agnete and Sveinn Pórarinnsson by Steinunn S. Briem. Reykjavík, 1965, pp. 155–6.
- 5 RÚV – Siðdegisútlit. “Karen Agnete Pórarinnsson.” Radio interview with the artist by Sigrún Björnsdóttir. DR 8364, 6 September 1984.
- 6 Gisli Sigurðsson. “Allt var svo skemmtilegt í Kilakoti” (Everything was such fun at Kilakot). *Lesbók Morgunblaðsins*. 22 December 1984, p. 21–23.
- 7 RÚV – Siðdegisútlit. “Karen Agnete Pórarinnsson.” Radio interview with the artist by Sigrún Björnsdóttir. DR 8364, 6 September 1984.
- 8 RÚV – Í vikulokin. Interview with artist Sveinn Pórarinnsson by Jónas Jónasson. DR 823, 1 February 1964.



Karl Kristján Sveinnsson (sonur listakonunnar)/Karl Sveinnsson (the artist's son).

Sunnudag 22. janúar kl. 15  
**Sýningarstjóraþjall**  
**Hrafnhildar Schram.**

Sunday 22 January 3 p.m.  
**Curator's talk with**  
**Hrafnhildur Schram.**

Sunnudag 29. janúar kl. 15  
**Fjölskylduleiðsögn og**  
**smíðja.**

Sunday 29 January 3 p.m.  
**Gallery talk and workshop**  
**for the family.**

Sunnudag 4. mars kl. 15  
**Gestaþjall Sigurlaugs**  
**Ingólfssonar**  
**sagnfræðings.**

Sunday 4 March 3 p.m.  
**Gallery talk with the**  
**participation of historian**  
**Sigurlaugur Ingólfsson.**



Kaffikerlingar/Old Women Drinking  
 Coffee.



Blóm og kanna/Flowers and Pitcher.

Kjarvalstaðir

Kjarvalstaðir

Opíð daglega 10–17

Open daily 10 a.m.– 5 p.m.

listasafnreykjavíkur.is  
 listasafn@reykjavik.is  
 S 590 1200

artmuseum.is